

Veggspjöld

Svæfinga- og gjörgæslulækningar

- V 01 The EMS education in Iceland and its challenges
- V 02 Out-of-hospital cardiac arrests in Akureyri (Iceland) during 2000-2004. Outcome according to the „Utstein style“
- V 03 Áhrif vasopressíns á blóðflæði í þörmum
- V 04 Áhrif minnkaðs mesenterial blóðflæðis á smáæðablóðflæði og efnaskipti í þörmum
- V 05 Sjúkraflutningar og þjónusta þess í dreifbýli

Skurðlækningasvið

- V 06 Fagrýni (AUDIT) fæðinga á fæðingadeild FSA. Keisaraskurðir 1995-2005
- V 08 Pelvic endometriosis occurring in a defined population over twenty years
- V 09 Aðskilinn lungnahluti (pulmonary sequestration) getur tengst efri hluta meltingarvegar – Tvö einstök sjúkratilfelli

Velkomin til Akureyrar

Enn einu sinni er Ársþing skurð-, svæfinga- og gjörgæslulækna haldið sameiginlega og hefur það verið í nokkuð ár. Það er okkar sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til þinghalds hér í háskólanum á Akureyri. Þetta er í fyrsta sinn sem sameiginlegt þing er haldið utan höfuðborgarsvæðisins. Tilefnið er að nú eru liðin 150 ár frá því fyrsta skurðaðgerðin var gerð í svæfingu hér á landi. Hún fór fram hér á Akureyri. Mörgum er kunnugt að það var Jón Finsen læknir sem fjarlægði sull úr 15 ára stúlku í klóroform svæfingu. Líklegt er að þetta hafi átt sér stað í Aðalstræti 14 eða Gudmanns minde.

Með því að halda þingið hér á Akureyri viljum við sýna þeim hetjum sóma sem tóku þátt í þessum merkilega atburði fyrir 150 árum. Skurðlæknirinn hét Jón Constant Ólafsson f. 10. nóv. 1826 í Reykjavík, d. 13. okt. 1885 í Nýköping á Falstri, Danmörku. Jón kom til Akureyrar 13. júní 1856 og tók við embætti sínu sem héraðslæknir í austurhéraði Norðuramtsins. Hann var sonarsonur Hannesar biskups í Skálholti og sonur Ólafs Hannessonar lög-

fræðings og Maríu Nicoline. Jón var á Akureyri frá 1856 til 1866 en þá fór hann af landi brott.

Við erum enn að leita að nafni stúlkunnar sem tók á þennan eftirminnilega hátt þátt í að skapa Íslandssöguna. Það er áskorun til sagnfræðinga og lækna að gera sameiginlegt átak til að afla frekari vitneskju um þennan atburð og einstaklingana sem áttu hlut að máli. Á legsteini William T.G. Mortons sem framkvæmdi fyrstu svæfinguna standa þessi orð:

„Inventor and Revealer of Inhalation Anesthesia
Before whom, in all time, surgery was agony
By whom, pain in surgery was averted and annulled
Since whom, science has control over pain.“

En hvað með Jón Finsen?

Ög ekki síst, hvað með stúlkuna sem lagðist undir hnífinn?

Girish Hirlekar

Forstöðulæknir svæfinga- og gjörgæsludeildar FSA



Stjórn Svæfinga- og gjörgæslulækna- félags Íslands

Felix Valsson formaður
Sveinn Geir Einarsson varaformaður
Sigurbergur Kárason gjaldkeri
María Sigurðardóttir ritari

Stjórn Skurðlæknafélag Íslands

Helgi H. Sigurðsson formaður
Hjörtur Gíslason ritari
Fritz H. Berndsen gjaldkeri

Framkvæmdastjóri þingsins er
Girish Hirlekar

Í vísindanefnd þingsins sitja:

Björn Gunnarsson
Hildur Tómasdóttir
Haraldur Hauksson
Valur Þór Marteinsson

Norpharma er eini styrktaraðili þingsins.